

**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**

Sent með tölvupósti á nefndasvid@althingi.is

Umsögn Vegagerðarinnar um frumvarp til laga um niðurfellingu laga um vísitölu byggingakostnaðar nr. 42/1987, 605. mál.

Með tölvupósti dags. 18. mars sl. er Vegagerðinni gefinn kostur á að koma að athugasemdum vegna ofangreinds frumvarps til laga um niðurfellingu laga um vísitölu byggingakostnaðar nr. 42/1987.

Í frumvarpinu er lagt til að sérlög um vísitölu byggingarkostnaðar verði felld úr gildi þar sem lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007 séu nægjanleg lagastoð fyrir útreikningi vísitölnunnar.

Meginmarkmið frumvarpsins er að Hagstofu Íslands verði gert kleift að uppfæra aðferðir við mælingu og útreikning vísitölnunnar í samræmi við alþjóðlega þróun aðferðafræðinnar. Hagstofa Íslands getur þá meðal annars breytt aðferð hvað varðar áhrif breytinga á virðisaukaskatti á mælingu vísitölnunnar.

Í frumvarpinu kemur fram að brottfall laganna eða breyting á lögnum sé óhjákvæmileg til að gera Hagstofu Íslands kleift að gera nauðsynlegar umbætur á mælingu vísitölu byggingarkostnaðar. Annað tveggja þurfi að uppfæra texta laganna eða fella lögin úr gildi og styðjast við ákvæði laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Samráð í aðdraganda áforma um lagasetningu hafi bent til þess að síðari leiðin væri vel fær þar sem hún gefi færi á að aðferðafræði vísitölu byggingarkostnaðar verði samræmd því sem tíðkast annars staðar í Evrópu auk þess að samræma lagasetningu hér á landi við evrópska framkvæmd þar sem hagskýrslugerð fellur undir almenn hagstofulög í stað sérlaga um hverja hagskýrslu.

Vísitala byggingakostnaðar gegnir mikilvægu hlutverki m.a. í tengslum við samninga um mannvirkjagerð o.fl. og því nauðsynlegt að útreikningsaðferðir hennar verði þróaðar í samræmi við breytingar þannig að vísitalan endurspeglir vel breytingar á byggingakostnaði á hverjum tíma. Samræming á útreikningsaðferðum og lagagrunni við það sem tíðkast í öðrum löndum gerir allan samanburð milli landa auðveldari og getur þannig aukið notagildi vísitölnunnar.

Síða 1/2

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við þá breytingu sem lögð er til með frumvarpinu og er sammála lögfestingu þess.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri

Undirskrift

